

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

13. apríl 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í síðustu viku voru allar starfsstöðvar skólans saman komnar á Hofsósi í dans- og nýsköpunarviku og þótti sú vika takast einstaklega vel. Hápunkturinn var á föstudeginum þegar dans- og nýsköpunarsýningarnar fóru fram. Í gær var Stóra upplestararkeppnin haldin á Sauðárkróki og var Guðrún Marín Erlingsdóttir fulltrúi skólans en Kamilla Rán Garðarsdóttir var varamaður og stóðu þær sig með stakri þryði.

Íþróttir fimmtudaginn 14. apríl

Á morgun eru íþróttir en ekki sund hjá 1. -3. bekk, 8. – 9. bekk og 10. bekk. Ástæða þess er að sundlaugin er vatnslaus vegna viðhalds.

Sólgarðadagurinn

Priðjudaginn 19. apríl verður Sólgarðadagurinn. Á þessum degi verða allir nemendur Grunnskólans austan Vatna samankomnir á Sólgörðum og takast þar á við verkefni tengd Grænfanavinnu. Foreldrar eru minntir á að klæða börnin sín eftir veðri því hluti af dagskránni er utandyra.

Eftirfarandi fatnaður er nauðsynlegur fyrir alla:

- Húfa eða buff
- Vettlingar
- Úlpa og hlífðarbuxur. Ef það skyldi fara að snjóa og frysta þá gæti verið hentugt að hafa með sér snjóþaxur eða fóðraðan heilgalla.
- Skófatnaður sem hæfir veðri

Gott er að fylgjast með veðurspánni daginn áður og takið tillit til veðurs þegar þið búið ykkur að morgni dags. Það er alltaf auðveldara viðureignar að verða of heitt heldur en kalt!

Ábending: Það getur verið sniðugt að taka með sér lítinn bakpoka (t.d. snúrúpoka) til að geyma utanyfirfötin sem ekki þarf að nota.

Kæru foreldrar, aðstoðið börnin við að útbúa sig rétt um morguninn, svo þau séu ekki köld og hrakin yfir daginn.

Sumardagurinn fyrsti og föstudagurinn 22. apríl-frídagur

Á fimmtudaginn í næstu viku er sumardagurinn fyrsti og er það frídagur í skólanum en bent er á að föstudagurinn 22. apríl er einnig frídagur. Skólastarf hefst svo að nýju á mánudeginum, stundvíslega kl. 8:40.

Námsmatsvika

Á skóladagatali sem skólinn gaf út er námsmatsvikan 9. – 13. maí, en hið rétta er að námsmatið fer fram 11. – 20. maí. Beðist er velvirðingar á þessu.

Sveitakaffi 1. maí

Síðasta kaffihús 9. bekkjar verður haldið Undir byrðunni á Hólum, mánudaginn 1. maí. Á boðstólum verður gómsæt íslensk kjötsúpa, kjúklingasúpa, lúffengir eftirréttir og rjúkandi kaffidrykkir.

Sveitakaffi verður opið frá kl. 12:00-15:00, það er posi á staðnum. Vonumst til að sjá sem flesta.